

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
- b. Á eftir 7. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- c. Í stað „1., 2. og 5.–8.“ í 2. mgr. kemur: 1., 2. og 5.–9.
- d. Í stað „1., 2., 5., 6. og 8.“ í 3. mgr. kemur: 1., 2., 5., 6., 8. og 9.
- e. Í stað „2., 5., 6., og 8.“ í 4. mgr. kemur: 2., 5., 6., 8. og 9.
- f. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þó skal samanlögð eign skv. 6. og 8. tölul. 1. mgr. ekki vera meiri en 50% af hreinni eign sjóðsins. Eign lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. 1. mgr. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
- g. 5. mgr. orðast svo:

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyrja sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 9. tölul. Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 1. másl. og innlánum skv. 4. tölul. 1. mgr. skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki eða í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Þó er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðina sjálfa. Lífeyrissjóði er óheimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánum sama banka eða spari-sjóðs.
- h. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðum er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.

2. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (5. gr.)

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 6. másl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóðum heimilt að eiga eða binda hærra hlutfall af hreinni eign sinni í innlánnum og verðbréfum en þar er kveðið á um fram til 1. janúar 2006.

b. (6. gr.)

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun nr. 98/49/EB, um verndun viðbótarlífeyrisséttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja.